

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Ösp

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	6
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári	7
3 Ytra mat	10
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	10
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	14
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	17
7 Foreldrasamvinna	19
8 Samstarf leik- og grunnskóla	19
9 Fylgigögn	21
9.1 Matsgögn	21
9.2 Umsögn foreldraráðs	27

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Það sem helst einkenndi starfsárið 2017-2018 var samvinnuverkefni leikskólanna Holts og Aspar sem heitir Okkar Mál. Verkefnið var tvíþætt, annars vegar leiklistarverkefni og hins vegar málörvunarverkefni. Einnig tókum við þátt í samstarfsverkefni Myndlistarskólans í Reykjavík og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og spjaldtölvu verkefninu Heimurinn er hér – móðurmál í stafrænum heimi.

Leiklistarverkefnið var unnið á elstu deild leikskólans frá hausti til áramóta. Það fólst í því að innleiða leiklistartengdar kennsluaðferðir fyrir ung börn. Verkefnið var leitt af Ásu Helgu Ragnarsdóttur, aðjunkt í kennslufræði í leiklist, og Hafdís Guðjónsdóttur, prófessor í kennslufræði og sérkennslufræðum. Þær starfa báðar við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hafdís Guðjónsdóttir sá um rannsóknarhluta verkefnisins en Ása Helga stýrði leiklistarhlutanum þar sem stuðst var við kennsluaðferðina *sérfræðingskápan*. Sú aðferð felst í því að börn fara í hlutverk sérfræðingsins, rannsaka, draga ályktanir, setja fram tilgátur og prófa þær. Verkefnið gekk mjög vel og hefur verið sótt um styrk frá Sprotasjóði til að geta haldið áfram að þróa verkefnið og þá á tveimur elstu deildunum. Verkefnið tók smá breytingum frá því sem áætlað var. Upphaflega ætluðu verkefnastjórnarnir að vera með sögustund einn til tvo morgna í viku en fljótlega var ákveðið að kennarar ynnu markvissa verkefnavinnu með börnunum fyrir hverja leiklistarstund. Áætlað er að Ása Helga og Hafdís muni gefa út skýrslu um verkefnið.

Málörvunarverkefnið var umfangsmeira og var því stýrt af Bryndísi Guðmundsdóttur, talmeinafræðingi, og Tinnu Sigurðardóttur, talmeinafræðingi hjá Tröppu. Verkefnið hófst í haust verður áfram haldið næsta vetur. Í upphafi var byrjað á því að blása til foreldrafundar þar sem verkefnið var kynnt og foreldrar hvattir til að taka þátt í því. Ráðist var í að kortleggja málþroska barna frá þriggja ára aldri og útfra niðurstöðunum var unnin einstaklings- og hópáætlun. Bryndís og Tinna komu vikulega inn í Ösp þar sem þær unnu með börnum og starfsfólki að skipulögðum verkefnum sem sett voru upp til tveggja vikna í senn. Auk þessara verkefna kom Anna Lís Pétursdóttir, talmeinafræðingur frá Tröppu, vikulega í skólann og tók þau börn í talþjálfun sem uppfylltu skilyrði sjúkratrygginga þar um. Bryndís og Tinna tóku einnig þátt í starfsdögum þar sem þær voru með námskeið og fyrirlestra um hagnýta málörvun í tengslum við þá verkefnavinnu sem fram fór í leikskólanum.

Megin þættir og markmið verkefnisins fólust í vinnu með orðaforða, grunnhugtök, málhljóð, hljóðkerfisvitund, málskilning, máltjáningu og stærðfræðihugtök. Unnið var á fjölbreyttan hátt að

Þessum markmiðum m.a. í hópastarfi, spilastundum og í daglegum leik og samskiptum. Lagt var upp úr því að hafa þemu verkefnisins og áætlanir sýnilegar foreldrum og var lögð áhersla á að fá foreldra til að taka þátt í verkefninu með því að leggja inn orðaforða heima á sínu tungumáli. Markmið og áætlanir verkefnisins voru sýnilegar á öllum deildum og þeim var einnig deilt á facebooksíðu og heimasíðu leikskólans.

Myndlistarverkefnið var unnið á elstu deild. Það var tvíþætt og snéri annars vegar að börnunum og hins vegar að starfsfólki leikskólans. Markmið þessa samstarfsverkefnis var að gefa börnum á leikskólaaldri tækifæri á að kynnast námi í myndlistarskóla og veita þeim innsýn í töfraheim myndlistarinnar undir leiðsögn fagfólks á sviði myndlistar og hönnunar. Verkefnið var einnig hugsað sem endurmenntun leikskólakennara og annarra starfsmanna í myndlistarkennslu sem og stuðningur við skapandi starf inn í leikskólanum. Á meðan á verkefninu stóð var einn námskeiðsdagur tekinn í myndlistarskólanum þar sem allir starfsmenn tóku þátt.

Spjaldtölvuverkefnið Heimurinn er hér hófst í byrjun hausts og hlaut skólinn styrk úr Sprotasjóði til að vinna að því. Rakel Magnúsdóttir stýrði verkefninu og byrjaði á því að samhæfa allar spjaldtölvur í skólanum og gera þær tilbúnar til fyrir kennslu. Starfsfólk fékk leiðsögn um hvernig best er að nýta sér tæknina í kennslufræðilegum tilgangi með börnunum. Börnin lærðu að vinna saman og hverjar reglurnar eru í vinnustund með iPad. Unnið var með málörvun, stærðfræði og grunnforritun. Einnig voru gerðar rafbækur sem hluti af skráningu af starfinu í Ösp. Öppin sem notuð voru í verkefnavinnunni eru eftirfarandi:

Kynning á smáforritum fyrir stærðfræði: <https://padlet.com/osp/staerd>

Kynning á smáforritum fyrir málrækt: <https://padlet.com/osp/malorvun>

Rakel kom einu sinni í viku og leiðbeindi börnum og hópstjórum um hvernig best væri að nýta tímann með tækjunum. Hún kom líka á starfsdegi leikskólans og var með verklega fræðslu fyrir starfsfólk, fundaði með deildarstjórum og setti þeim fyrir verkefni sem þeir áttu að vinna með börnunum og á deildinni. Rósin í hnappagatinu var tæknidagurinn okkar, þá var foreldrum og gestum boðið í heimsókn að sjá hvað við vorum búin að vera að vinna með um veturinn.


Sjá link af fréttabréfi af tæknideginum: <https://sway.com/c0BT7VdWhTRzR97O?ref=email>

Næsta vetur munum við halda áfram að vinna að þessu verkefni og mun Rakel vera með okkur í þeirri vinnu. Áætlað er að þróa verkefnið enn frekar, sem og færni barna og starfsfólks. Fyrirhugað er að sækja um áframhaldandi styrk til að taka verkefnið upp á næsta stig.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stutttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári

Innra mat Skýjalands 2-3 ára börn

Veturinn hefur gengið vel á Skýjalandi. Aðlögun gekk vil og byrjuðum við strax í hópastarfi þar sem markmiðin voru skýrt sett upp og starfsfólk ánægt með skipulagið. börnin eru mjög dugleg að ganga frá eftir hádegismat og hvíldin gengur líka vel. Tannburstun gengur vel og börnin bíða eftir að láta burstu sig. Samverur ganga vel en við viljum reyna að lesa meira fyrir börnin. Þurfum að auka tíma í skipulagðri málörvun. Ætlum einnig að auka við gönguferðir með börnunum í vor.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka lestur bóka	Annan hvern dag	Í samverustund fyrir hádegismat	Byrjun júní 2018	Starfsmenn deildarinnar	Rýnihópur Á starfsdegi	Gátlisti
Auka málörvunn artíma	3-4 sinnum í viku	Í litlum hópum Spila, lesa, ipad, setja orð á athafnir og auka myndrænt	Næsta haust	Herdís deildarstjóri - hópstjórar	Rýnihópur – starfsdagar og meta reglulega á deildarfundu m	Unnið eftir áætlun talmeinafræðinga
Auka gönguferðir	Fjölga gönguferðum á deildinni	Fara út í gönguferðir í litlum hópum og stórum	Vor 2018 og halda gönguferð um/útiken nslu á skipilagi yfir allt árið	Herdís – deildarstjóri - hópstjórar	Safna gögnum – myndir skráning. Meta á starfsdögum – og reglulega á deildarfundu m	Tíðni talin á ferðum – skráningar gerðar myndir.

Innra mat Stjörnulands 4-5 ára börn

Í byrjun vetrar minnkuðum við hópana og erum nú mjög ánægð með stærðina á þeim. Börnin ná verkefnunum betur í minni hópum. Dagleg samskipti við foreldra ganga oftast vel en ekki hafa margir verið að mæta á viðburði hjá okkur. Spjaldtölvuverkefnið hefur gengið vel og er almenn ánægja á deildinni með verkefnin og Rakel iPad kennara. Samveran hefur ekki gengið vel, hegðun barnanna hefur verið erfið. Höfum við reynt ýmsar aðferðir til að bæta úr. Svæðisflæði mætti vera skýrara, tilgangur og markmið. Samvinna við talmeinafræðinga hefur gengið vel og auðvelt að fylgja áætlun, en við höfum ekki alltaf náð að fara tvisvar sinnum á dag í málörvun. Þurfum einnig að samræma betur reglur. Tannburstun gengur vel, allir tilbúnir að láta bursta sig. Mættum fara oftari í almennar gönguferðir en höfum mikið farið í vettfangsferðir þar sem við fáum fræðslu um ýmsa hluti s.s. slökkviliðsheimsókn og umferðaskóla.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Svæðisflæði skýrara	Að allir viti hvað þeir eigi að gera – gera skýrari markmið	Búa til körfur/poka með verkefnum	Sept. til des	Stjórnendur – deildarstjóri – fagteymið.	Rýnihópur Á starfsdegi og meta reflulega á deildarfundum	Skoðað næsta vor í stóra matinu
Ipad verkefni	Að börnin séu ekki að flakka á milli forrita	Skýrar reglur myndrænt – læsa spjaldtöflunni svo ekki sé hægt að flakka á milli.	Strax	Allt starfsfólk á deildinni.	Á Deildarfundum - Starfsdögum	Skráningar gerðar og metið semeiginlega.
Samvera	Samvera gangi betur verði fjölbreyttari – hvert barn eigi fast sæti. Myndrænar reglur í samveru	Allir starfsmenn taki samveru	Strax	Allt starfsfólk á deildinni	Rýnihópur – Á deildarfundum og starfsdögum	Munnlegt mat – skráningar gerðar eftir vikuna hvað gekk illa og hvað vel hvað þarfa að bæta og laga

Innra mat Regnbogalands 3-4 ára börn

Starfsveturinn 2017-18 hefur gengið mjög vel. Svæðisflæði gengur vel í fyrirkomulaginu 2 hópar inni og 2 hópar úti. Þá er auðveldara að halda utan um hópinn og það er skýrt hvar starfsmenn eiga að vera og gera. Foreldrasamstarf hefur almennt gengið vel en léleg mæting hefur verið á viðburði. Mikil ánægja hjá börnum og starfsfólki hefur verið með spjaldtölvuverkefnið. Samverustundir hafa gengið vel í vetur, góðar undirtektir barnanna og almenn gleði. Málörvunarverkefnið gengur vel en þyrftum að ná að fara í spilastundir eftir hádegi. Verið er að gera breytingar á dagskipulaginu til að það gangi betur að fara í spilastundir. Tannburstun gengur vel. Við erum mjög dugleg að fara í íþróttir inni í sal. Útivera er minnst einu sinni á dag. Þyrftum að finna betri tíma fyrir ávaxtastund.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðara ðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmi r?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Foreldra samstarf	Tengja betur heim – í gegnum heimasíðu, upplýsinga vegginn benda á hann. Ræða við foreldra í fatalefa tala markvist við alla foreldra á deildinni.	Nýta heimasíðuna og upplýsinga vegin betur. Ræða við foreldra maður á mann	Strax	Starfsmenn deildarinnar	Deildarfundir jafnt og þétt yfir veturinn - starfsdagar	1 færsla í viku inn á heimasíðu og upplýsingsíðu facebook. Setja upp allar upplýsingar á upplýsingavegin
Spila stundir	Hafa innihópa í spilum- setja inn í svæðis og hópastarf.	Í litlum hópum 10:00-10:30 10:30-11:00	Strax	Starfsmenn deildarinnar	Rýnihópur. Metið á starfsdeigi og á deildarfundum jafnt og þétt yfir veturinn	Hver hópur spili 2x í viku
Ávaxta stund	Bæta við ávöxtum og grænmeti – hefur stundum gleymst	Undirbúa í morgunmatnum – setja fast inn í dagskipulag hver tekur til fyrir ávaxtastund	Strax	Starfsfólk á deildinni sett inn í skipulag	Rýnihópur – metið hvernig gengur á deildarfundum og á starfsdeigi	Tíðni talin á ávaxtastundum – setja inn í dagskipulagið.

3 Ytra mat

Það var ekki gert ytra mat skólaárið 2017-18

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

- Á skólaárinu 2017-2018 nutu 4 börn sérkennslu/stuðnings í leikskólanum. 6 starfsmenn sinntu því hlutverki, 2 í fullu starfi og 3 að hluta (deildarstjóri, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri).
- Sérkennslustjóri ásamt þeim sem sjá um stuðning við hvert barn sáu um gerð einstaklingsnámskrár, eftirfylgd og endurskoðun. Sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðvar Breiðholts veittu aðstoð og ráðgjöf við þá vinnu. Í einstaklingsnámskrám koma fram áhersluatriði einstaklingsþjálfunar hverju sinni auk atriða sem þjálfuð eru inni á deild í daglegu starfi og allir starfsmenn koma að.
- Teymisfundir fyrir hvert barn voru haldnir reglulega yfir veturinn eftir því sem þurfa þótti. Hjá tveimur börnum var fundað 2 sinnum yfir veturinn, einu sinni á hvorri önn, en oftár hjá öðrum, alveg upp í fund á 4-6 vikna fresti. Á fundina komu foreldrar, túlkur ef þörf var á, stuðningsaðili barnsins, sérkennslustjóri eða leikskólastjóri, deildarstjóri ef því var við komið, sérkennsluráðgjafi frá þjónustumiðstöð auk annarra sérfræðinga þegar það átti við. Þá er átt

við t.d. iðjubjálfa og sjúkrabjálfa frá Æfingastöðinni og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, ráðgjafa frá Þekkingarmiðstöð blindra og sjónskertra. Sérkennsluráðgjafar frá þjónustumiðstöð og utanaðkomandi sérfræðingar sáu einnig um fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks sem komu að viðkomandi börnum auk þess að upplýsa foreldra um hvaða rétt þeir eiga á aðstoð utan leikskólans, eftir því sem við á (akstursþjónusta og slíkt).

- Stuðningsaðilar, sérkennslustjóri og aðrir hafa getað leitað til sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar varðandi einstaka barn. Hafa ráðgjafar komið á auka fundi með starfsfólki eða veitt ráðgjöf í gegnum tölvupóst. Hafa þeir einnig veitt upplýsingar um gagnleg námskeið og boðið fram aðstoð hvað varðar fræðslu á deildarfundum.
- Sérkennslustjóri var í litlu starfshlutfalli þennan vetur (33%) og sá auk þess um stuðning við eitt barn. Þess vegna gat hann ekki verið jafn mikið inni á deildum og æskilegt hefði verið. Samstarf við deildir var því að mestu í gegnum deildarstjóra, ráðgjöf og endurgjöf var veitt í undirbúningstíma deildarstjóra eftir þörfum og þeir komu svo upplýsingum áleiðis til sinna starfsmanna. Þeir sem sinna sérkennslu og sérkennslustjóri hittust líka í sambærilegu spjalli eftir því sem þurfa þótti. Æskilegt er að sérkennslustjóri sé í fullu starfi við skólann til að hafa yfirsýn yfir starfið og til þess að geta veitt ráðgjöf og stuðning við þá sem sinna sérkennslu.
- Þennan vetur var leikskólinn í samstarfi við Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing og Tröppu ehf. varðandi málörvun og talþjálfun í leikskólanum, eins og áður hefur komið fram. Börnin fóru í málþroskamát og fengu í framhaldi af því talþjálfun innan leikskólans ef þörf var á. Auk þess var sett upp áætlun fyrir starfsfólk að fara eftir hvað varðar málörvun inni á deildum, spilastundir, orðflokkaáætlun og fleira. Komu þær Tinna Sigurðardóttir frá Tröppu og Bryndís Guðmundsdóttir á starfsdag og voru með fræðslu fyrir starfsfólk. Reynt var að tengja þessa vinnu inn í sérkennslu eins og við átti hverju sinni.
- Í ársáætlun 2017-2018 er fjallað um áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun eins og hér segir:
 - Unnið eftir læsisáætlun Aspar
 - Unnið eftir vináttu, virðingu og hjálpsemi
 - Vinnum áfram eftir orðflokkaáætluninni.
 - ✓ Var gert og útfært enn frekar í samstarfi við talmeinafræðinga. Verkefnið var hluti af Okkar máli, verkefninu sem hefur verið í gangi í samstarfi við skóla í hverfinu undanfarin ár. Þetta verkefni kom mjög vel út og var gagnlegt fyrir alla þá sem þurfa á auka málörvun að halda, sem er stór hluti okkar barna.

- Málörvunarstundir áfram unnið með Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin og Sögugrunn. Á haustmisseri fer af stað verkefni þar sem unnið er með leiklist og tjáningu með það fyrir augun að auka orðaforða og málskilning.
 - ✓ Unnið var með Lubba og Lærum og leikum með hljóðin. Sögugrunnur var ekki tekin markvisst fyrir.
 - ✓ Leiklistarverkefni var unnið fyrir áramót. Þegar því verkefni lauk náði það ekki að halda áfram inni í daglegu starfi deildarinnar. Vonandi gengur betur með það næsta vetur. Mikilvægt er að finna flöt á því til að tengja sérkennslu á sem fjölbreyttastan hátt, t.d. varðandi málörvun og tjáningu.
- Tungumálataska fari reglulega heim með börnum í skólanum. Í töskunni eru bækur og spil ætluð til heimanotkunar.
 - ✓ Tungumálataskan var ekki notuð. Rætt var um að nauðsynlegt væri að uppfæra hana áður en hún yrði notuð áfram. Tungumálataskan getur nýst sem mikilvæg málörvun, ýtir undir mikilvægi móðurmálsins og byggir brú á milli heimilis og skóla. Þannig getur þetta verkefni verið mikilvægur hlekkur inn í sérkennsluna og tengst orðflokkevinnunni beint.
- Áhugi er fyrir að taka upp K-pals aðferðina á elstu deildinni.
 - ✓ Komst ekki á.
- Styrkur var veittur fyrir Ipad verkefni tengt málörvun. Það verður unnið markvisst með Ipad og málörvun inni á öllum deildum.
 - ✓ Þetta verkefni var mjög öflugt innan leikskólans undir stjórn Rakelar G. Magnúsdóttur

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðara ðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Orðflokkar	Festa orðflokkinu í sessi sem okkar vinnubrögð og tengja við sérkennslu	Hafa skipulag sýnilegt og verkefni tilbúin til að grípa í	Veturinn 2018- 2019	Deildarstjór- ar og allir sem koma að deildarvinnu	Áramót 2018- 2019 og vor 2019	Hljóm-2 próf og EFI-2 fyrir öll börn sem hægt verður að meta orðaforða aukningu jafnt og þétt yfir veturinn
Orðflokkar	Nota sögugrunn, Lubba, Lærum og leikum með hljóðin og spil markvisst	Setja inn á skipulag, hafa skipulagið sýnilegra fyrir alla	Veturinn 2018- 2019	Deildarstjór- ar og allir sem koma að deildarvinnu	Áramót 2018- 2019 og vor 2019	Markmiðinn skýrari – auðveldar að meta og gera skráningar
Ipad verkefni	Nýta ipad sem kennslutæki með markvissum hætti í starfinu og tengja sérkennslu eftir því sem við á.	Halda áfram með skipulag fyrri vetrar og útfæra það. Nota á markvissari hátt í sérkennslu.	Veturinn 2018- 2019	Rakel G. Magnúsdót- tir og deildarstjór- ar setja upp skipulag sem allir fara eftir	Áramót 2018- 2019 og vor 2019	Setja ipad markvissara inn í sérkennsluna og nota hann sem skráningar tæki markvissara t.d fyrir sérkennslu
Einstakling- s-námskrár	Markvissari vinnubrögð og auðveldara mat á framförum einstaklinga	Hafa virkar námskrár fyrir alla sem njóta sérkennslu í leikskólanum	Allir með virka námskrá haustið 2018, endurskoðað eftir þörfum	Sérkennslu- stjóri og stuðningsa- ðili hvers barns	Áramót 2018- 2019 og vor 2019	Sett markmið út frá einstaklingsnáms- skrá
Hljóm-2	Markvissari vinnubrögð og auðveldara mat á stöðu einstaklinga til að setja upp áætlun	Taka útkomu úr Hljóm-2 inn í áætlun um málörvun	Byrja í haust og unnið út frá niðurstöðum yfir veturinn, lagt aftur fyrir í febrúar/mars	Sérkennslu- stjóri og deildarstjór- i elstu deildar	Áramót 2018- 2019 og vor 2019	Til að meta árangur af vinnu við málörvun
EFI-2	Markvissari vinnubrögð og auðveldara mat á stöðu einstaklinga til að setja upp áætlun. Snemmtæk íhlutun.	Lagt fyrir 3 ára börn yfir veturinn, eftir því sem þau ná viðeigandi aldri (3:1:17 – 3:10:16).	Vetur 2018- 2019	Sérkennslu- stjóri og leikskólake- nnari í málörvunar verkefnum	Áramót 2018- 2019 og vor 2019	Unnin málörvunarverk- efni út frá niðurstöðum og lagt fyrir aftur til að skrá framför.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Ráðstöfun fjármagns hefur farið í að borga talmeinafræðingum sem við erum í samstarfi við laun fyrir vinnu sína og kaupa efnivið sem ætlaður er í málörvun. Við erum með 50% fjárveitingu vegna barna af erlendum uppruna og höfum nýtt peningana fyrir aukastöðugildi innan skólans svo hægt sé að hafa minni hópa inn á deildum í málörvunar og hópastarfi og allri vinnu með börnunum.

- **Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf?**

Þar sem um 80% barnahópsins er tví- eða fjöltýngdur þá er lögð mikil áhersla á að vinna sem mest að máltjáningu og skilningi barnanna sem dvelja hjá okkur. Þau eru með fjölbreytta heimamenningu og tala börnin yfir 14 tungumál. Við erum með hugmyndir um að tengjast foreldrum og börnum enn betur í gegnum „Tungumál í tösku“, sem við viljum þróa enn frekar. Hugmyndin hefur verið að senda börnin heim með tösku sem inniheldur bækur og spil sem foreldrar geta skoðað heima með börnunum sínum. Það hefur áður verið gert hér og hefur reynst vel.

Skólaárið 2017-2018

- Sumarhátíð, foreldrar hvattir til að koma með mat að heiman sem tengist þeirra menningu, fjölbjóðlegt Pálínuboð. Jólaballíð, foreldrar hafa alltaf tekið þátt og koma einnig með veitingar á Pálínuboð.
- Börnin koma með bækur á sínu móðurmáli yfir veturinn. Við leggjum líka áherslu á að læra lög og texta á ýmsum tungumálum. Við nýtum okkur tæknina og hlustum í iPad á barnalög sem eru sungin á ýmsum tungumálum. Gerum þetta í samverustundum yfir veturinn og þetta vekur mikla kátínu hjá börnunum að heyra lag sungið á sínu tungumáli.
- Höfum haldið upp á ýmsa fjölbjóðlega daga eins og pólska bolludaginn – Litháenska bolludaginn þar sem þeir borða pönnukökur í staðinn fyrir bollur.

- **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?**

Frá upphafi leikskólagöngunnar er markvisst unnið að því að efla áhuga barnanna á tungumáli og samskiptum. Í vetur fórum við í markvissa vinnu með leikskólanum Holti og Fellaskóla í gegnum samstarfsverkefnið Okkar Mál. Við finnum að með tilkomu verkefnisins sem er unnið í samvinnu við talmeinafræðinga hefur virkni barnanna aukist og samskiptahæfni eflst.

Við lögðumst í mikla vinnu við að kortleggja málþroska barna í leikskólanum frá 3ja ára aldri. Til samstarfs voru fengnir talmeinafræðingarnir Bryndís Guðmundsdóttir og Tinna Sigurðardóttir hjá

Tröppu. Þær tóku próf á öllum börnum í Ösp á mið og elstu deildinni. Þau börn sem uppfylltu skilyrði fyrir talþjálfun fengu hana inn í leikskólanum einu sinni í viku. Unnin var mjög ítarleg áætlun frá áramótum fram í júní. Starfsfólk fékk markvissa fræðslu um málörvun út frá niðurstöðu prófanna. Haldnir voru sameiginlegir starfsdagar með Holti þar sem áhersla var lögð á hvernig við aukum orðaforða barnanna og hvaða aðferðum er best að beita.

Markviss vinna með daglegan orðaforða fer fram á herjum degi á öllum deildum. Unnið er eftir áætlunum frá talmeinafræðingnum Bryndísi Guðmundsdóttur. Við vinnum með ákveðinn orðflokk í tvær vikur í senn og er allt starf miðað út frá þeim orðflokki. Sem dæmi ef unnið er með þemað líkaminn minn þá er unnið með orðflokkinn í öllu starfi s.s. í gegnum bækur, skapandi starf, leiki og spjaldtölvuvinnu. Notum við meðal annars Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, Tölum saman, Ljáðu mér eyra og svo ýmiskonar bækur sem hjálpa til við að dýpka orðaforðann enn frekar. Söngvar og ýmiskonar spil eru einnig mikið notuð.

Einnig erum við að vinna þróunarverkefni með spjaldtölvur þar sem áhersla er lögð á málörvun í stafrænum heimi. Við vinnum með viðurkennd öpp í málörvun og stærðfræði. Einnig vinnum við með skapandi skrif og málörvun í gegnum forrit eins og Puppet Pals þar sem börnin skapa sína sögu og leikmynd tengt þeim orðflokkum sem verið er að vinna með.

Til þess að fylgjast með framförum barnanna notum við Hljóm-2, EFI-2, málþroskapróf frá talmeinafræðingunum og 1. bekkjar læsispróf. Með skráningu í hópastarfi sjáum við einnig framfarir í orðaforða í lengri setningum hjá börnunum.

Foreldrar hafa sýnt áhuga á verkefninu og var mjög vel mætt á foreldrafund þar sem verkefnið var kynnt. Mikill áhugi kom fram í þeim foreldraviðtölum og töluðu foreldrar um að teljanlegur munur væri á áhuga barnanna á málörvun. Áætlað er að gera skýrslu eftir tveggja ára vinnu þar sem tekinn verður saman ávinningur verkefnisins. Fylgst verður með börnunum upp í grunnskóla þar sem þetta er sameiginlegt langtíma verkefni leik- og grunnskóla í Efra-Breiðholti í gegnum Okkar mál verkefnið. Við teljum að með því að vinna eftir áætlunum frá talmeinafræðingunum séum við að vinna með eftirfarandi þætti:

- Orðaforði og málskilningur
- Tjáning og frásögn
- Hlustun og hljóðkerfisvitund
- Ritmál
- Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhuga, styrkleika og löngun.

Við fengum styrk úr Sprotasjóði til að halda áfram vinnu við leiklistarhluta verkefnisins. Í því er lögð áhersla á félagsfærni og teljum við að ofangreindir þættir muni einnig skila árangri í áframhaldandi vinnu við það.

- **Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?**

Þegar foreldrar taka við plássi í Ösp er þeim boðið að fá heimaviðtal en þau mega líka koma í viðtal í skólann sé þess óskað. Við bjóðum alltaf upp á túlk þegar það á við. Í fyrsta viðtali er leitast við að gefa og fá upplýsingar, kynnast foreldrum, barninu og þeirra heimamenningu. Þátttökuaðlögun er í Ösp þar sem leitast er við að virkja foreldra í aðlögunarferlinu og veita góðar upplýsingar um skólann. Á þriðja degi aðlögunar er svo sérstök kynning fyrir nýja foreldra þar sem leikskólinn er kynntur í máli og myndum og notaðir túlkar ef foreldrar óska eftir því.

Við reynum að mynda gott traust á milli foreldra og starfsfólk í upphafi og veitum upplýsingar í gegnum samskiptamiðla, á upplýsingatöflu og augliti til auglitis, sem er að okkar mati besta aðferðin til að miðla upplýsingum. Boðið er upp á formleg foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári og eftir þörfum. Í formlegu viðtölunum förum við yfir nám og þroska barnanna og eigum samtál um mál og læsi. Þá leggjum við áherslu á mikilvægi móðurmálsins fyrir íslenskunám. Einnig er alltaf hægt að fá viðtal við deildarstjóra, leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra ef þess er óskað.

Á hverju hausti er boðið upp á stóran foreldrafund og hefur gefist best að hafa hann í byrjun dagsins. Á honum er farið yfir áherslur hvers vetrar fyrir sig og sagt frá þeim verkefnum sem unnið verður með. Við höfum verið þess aðnjótandi að fá styrki undanfarin ár sem hefur auðveldað okkur að vera með spennandi verkefni í gangi og höfum við lagt áherslu á að kynna þau og leyfa foreldrum vera með frá byrjun.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl.

Allir starfsmenn fóru í starfsþróunarsamtöl í mars sem tóku í kringum eina klukkustund. Viðtölin voru boðuð með tveggja vikna fyrirvara og fóru fram á skrifstofu leikskólastjóra. Starfsmenn fengu blöð til þess að undirbúa sig og skráði leikskólastjóri ásamt starfsmanni markmið starfsmanns á sviði starfsþróunar næsta árið.

Í starfsþróunarviðtölum kom fram almenn ánægja með þau verkefni sem skólinn hefur verið í. Sérstaklega máörvunarverkefnið þar sem starfsfólk fann fyrir ákveðnu öryggi í að vinna eftir fyrirfram mótuðum áætlunum sem auðvelt var að fylgja. Mikill áhugi var um að halda áfram með verkefnið og fá áframhaldandi stuðning inn á gólf með málörvun og utanumhald. Við munum halda áfram með verkefnið næsta vetur í formi stuðnings við starfsfólk og börn, áframhaldandi utanumhald í hópastarfi, spilahópum og flétta málörvun inn í allt starfið.

Í viðtölunum kom líka fram að starfsmenn telja að það megi bæta samverustundir og lestur bóka. Því verður lögð áhersla á að vinna markvisst með þessa þætti í formi örnámskeiða á starfsdögum, stuðningi inn á deildum og ráðgjöf á deildarfundum. Munu talmeinafræðingur og sérkennslustjóri halda utan um það starf.

Starfsfólk var líka mjög ánægt með spjaldtölvuverkefnið og kom fram mikill áhugi á frekari kennslu á forrit eins og book creator til að nota við skráningu á hópastarfi og í orðflokkavinnu með börnunum. Lögð verður áhersla á að fylgja eftir reglum við notkun Ipad og fara yfir það á deildarfundum hvað hægt sé að gera til að skýra þær betur fyrir börnum svo þeim gangi betur að fara eftir þeim. Rakel verkefnastjóri mun veita eftirfylgni.

- Símenntun frá síðasta ári:

Veturinn 2017-2018 tókum við þátt í samstarfsverkefni Myndlistarskóla Reykjavíkur og Skóla og Frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Verkefnið var tvíþætt og snéri annars vegar að börnunum og hinsvegar að starfsfólki leikskólans. Markmiðið var að gefa leikskólabörnum tækifæri á að kynnst myndlistarnámi en einnig fól það í sér endurmenntun leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskólans. Markmiðið var að stuðla að auknu skapandi starfi í leikskólanum annars vegar með því að leyfa starfsmönnum taka þátt í verklegri kennslu í myndlistarskólanum og hins vegar með námskeiði í listsköpun ungra barna sem fram fór á starfsdegi í Myndlistarskólanum.

Bryndís Guðmundsdóttir og Tinna Sigurðardóttir héldu námskeið á þremur og hálfum starfsdögum um málproska barna, málörvun og kennsluaðferðir til að auka orðaforða og tjáningu barna. Fræðslan var bæði í formi fyrirlestra og verklegrar kennslu.

Rakel Magnúsdóttir og Íris Hrönn frá skólalæruháskólans á Akureyri voru með kennslu og fræðslu um spjaldtölvur, hvernig hægt er að nýta spjaldtölvurnar sem best í málörvun, stærðfræði og skráningu og hvernig hægt væri að færa spjaldtölvu verkefnið heim með börnunum þar sem þær nýttast til að skráningar á heimamenningu þeirra.

Í vetur fengum við styrk fyrir verkefninu Lífsleikni í gegnum leikinn sem er á vegum Ásu Helgu Ragnarsdóttur og Hafdísar Guðjónsdóttur frá Háskóla Íslands. Þær munu koma inn á allar deildir og leggja inn í lífsleikni í gegnum kennsluaðferð sem þær hafa tileinkað sér og nefnist sérfræðingskápan. Áætlað er að þær komi á starfsdegi og verði með námskeið um kennsluaðferðina og einnig munu þær vera með starfsfólki í hópatímum og leggja inn verkefni fyrir hverja deild.

Í vetur fóru nokkrir starfsmenn á námskeið sem haldin voru fyrir utan skóla. Einn eflingarstarfsmaður fór á fagnámskeið 2 sem var á tímabilinu 17 apríl fram til 19 júní. Sérkennslustjórinn fór á námskeið hjá Bryndísi Guðmundsdóttir í málhljóðamælinum sem gefur henni réttindi til að taka próf á börnum með málhljóð og framburð. Sérkennslustjórinn fór einnig á AEPS námskeið til að fá réttindi til að nota listann með börnum. Starfsmaður sem er með barn í stuðning fór á atferlisaðferðarnámskeið og einnig á skráningarnámskeið í athyglismeðferð. Þetta eru námskeið fyrir stuðningsaðila sem eru með börn í atferlispjálfun.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru í ferð til Þýskalands í október í gegnum evrópskt samstarfsverkefni sem Ösp hefur tekið þátt í undan farin þrjú ár. Verkefnið felst í því að taka á móti þýskum leikskólakennaranemum í verknám í mánuð yfir sumartímann. Stjórnendunum var boðið að koma að skoða leikskóla og hvernig leikskólakennara námið er byggt upp í Þýskaland. Einnig hittum við nema og kennara sem við höfum starfað með síðastliðin þrjú ár.

Næsta vor stefnum við á að fara í námsferð til Brighton með leikskólanum Holti þar sem við ætlum að kynnast fjölmennningarlegu skólastarfi. Við ætlum að kynna okkur fjölskyldumiðstöðvar sem vinna með foreldrum sem þurfa á stuðningi og fræðslu að halda og einnig ætlum við að skoða hvernig fjölskyldumiðstöðvar geta virkað sem félagsmiðstöðvar innan hverfisins. Við munum heimsækja skóla þar sem hlutfall barna með fleiri en eitt tungumál er mjög hátt. Þar ætlum við að kynna okkur hvernig unnið er með fjölmennningarlegt starf og fleiri en eitt tungumál, hvernig unnið er með foreldra samskipti og ýmislegt fleira spennandi.

7 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð er skipað 5 fulltrúum sem hittast tvisvar sinnum á ári. Kosið er að hausti, öllum er boðið að taka þátt í foreldraráði og það er kynnt fyrir öllum í fyrstu viðtölum. Í ráðinu hafa 4 foreldrar setið og einn fulltrúi frá Ösp. Foreldraráðið hefur tekið þátt í að skipuleggja og undirbúa jólaballið, vorhátíðina, lesa yfir áætlanir. Sumarlokun leikskólans er borinn undir foreldraráð og koma þau að þeirri ákvörðun með stjórnenda teyminu.
- Foreldrafundur var haldinn að hausti þar sem verkefnið Okkar Mál var kynnt. Foreldrafundur fyrir nýja foreldra var einnig haldinn á haustönn. Á honum var farið yfir vetrarstarfið og boðið upp á fyrirspurnir og umræður.
- Fyrsta viðtal er tekið við foreldra þegar barn hefur skólagöngu. Leikskólastjóri og viðkomandi deildarstjóri sjá um það viðtal. Foreldrar fá val um heimaviðtal eða viðtal í leikskólanum. Á haustönn fá foreldrarnir val um viðtal en árleg viðtöl eru á vorönn.
- Í stjórn foreldrafélagsins eru 5 foreldrar, stjórnin sér um jólaballið og skipuleggur sumarhátíðina í samvinnu við leikskólastjóra. Stjórnin fundar reglulega yfir veturinn.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

- Verkefnið Okkar mál þar sem meginmarkmiðið er að auka samstarf á milli Aspar, Holts og Fellaskóla og að nýta tækifæri sem gefst til samstarfs við stofnanir nærsamfélagsins.
 - Efla foreldrasamstarf í leik- og grunnskóla
 - Auka þekkingu kennara og starfsfólks á þeim þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku.
 - Að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi.
 - Að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms.
 - Að afrakstri Okkar máls verkefnisins verði miðlað á fjölbreyttan hátt til annarra er gagn hafa af.
- Áætlun vetrarins á haustmánuðum er ein heimsókn 1. bekkjar til leikskólans þar sem börnin fá afhentar söngbækur og fá að leika sér. Þá gefst kennurum Fellaskóla einnig tækifæri til að kynna sér það sem við erum að gera í leikskólunum. Einnig hefur 1. bekkur Hólabrekkuskóla komi í eina heimsókn á haustönn og tvær á vorönn.
- Leikskólabörnin fara í Fellaskóla á degi íslenskrar tungu og taka þátt í hátíðarhöldum.

- Leikskólabörnum er boðið á helgileik í desember.
- Leikfimitímar á fimmtudögum í vetur í íþróttasal Fellaskóla fyrir elstu börn leikskólans.
- Leikskólabörnum boðið í smiðjur og frístund í mars.
- 5. bekkur Fellaskóla les fyrir börni í Ösp á vorönn á hinum ýmsu tungumálum.
- Vorskóli í 3 daga í Fellaskóla (sjá fylgiskjal)

Skipulagsdagar.

5.október 2018 – allur dagurinn.

19. nóvember 2018 – allur dagurinn, sameiginlegur starfsdagur með Fellaskóla og Holti.

3. Janúar 2019 – allur dagurinn, sameiginlegur starfsdagur með Fellaskóla og Holti.

15. mars 2019 – allur dagurinn.

29./31. maí – Sameiginlegir starfsdagar með Fellaskóla og Holti er 29 maí. Áætlað er að fara í fer með Holti til Brighton. Lokað tvo daga og einn rauður dagur á milli.

9 Fylgigögn

9.1 Matsgögn

Skýjaland – Deildarstjórar bera ábyrgð á umræðunum inn á deildarfundi og stýra þeim

1. Hóparstarf og málörvun á Skýjalandi.

- Eru valmöguleiki á efniviður nægileg fjölbreytur? Lýsa það sem þið eru ánægð með og hvað má bætt.

- Er hlutverk hvers og eins og tilgangur í hóparstarfi nóg skýr? Segja stutt frá ykkur upplifun og athugasemdum:

- Hvernig er ykkur upplifun tengd skiplaginu með hóparstarfi?

[illegible][illegible]

4. Samvinna við talmeinafræðinga

Hvernig gengur að vinna eftir áætlunum frá Bryndísi talmeinafræðingi? Eruð þið að ná að fara tvisvar sinnum á dag í málörvun? Er eitthvað sem þið viljið bæta?

5. jákvæður agi.

Hvernig gengur starfsmönnum að samræma reglur og fylgja eftir skýrum fyrirmælum sem þeir setja. Hvernig er tekið á hegðunarvanda, hvað má bæta

6. Heilsueflandi leikskóli

Hvernig ganga eftirfarandi hlutir; tannburstun, hreyfing, gönguferðir, grænmetis og ávaxtaneysla barnanna ofl.

Regnbogaland og Stjörnuland mat 2018

Deildarstjórar bera ábyrgð á mati og framkvæma með starfsfólki

2. **Nýja Svæðisflæðið á deildum?** Lýsa því sem þið eru ánægð með og hvað má bæta.

- Er hlutverk hvers og eins og tilgangur svæðisflæðis nógu skýr? Segja stutt frá ykkar upplifun og athugasemdum:

- Annað sem þú vilt bæta við í tengslum við þróun svæðisflæðis á deildum_____

3. Að efla enn meira foreldrasamstarf.

- Hvernig hefur foreldrasamstarfið gengið inni á þinni deild á árinu? Hvað hefur gengið vel og ekki vel?

3. Notkun spjaldtölva í starfinu.

- Hvað hefur gengið vel með spjaldtölvu notkun í Ösp á árinu?

- Hvað má bætta að þín mati?

- **ípad vinnan með Rakel:** Segja stutt frá ykkar upplifun og athugasemdum:

- **4. Metið hvernig samveran hefur gengið síðan í haust og hvað má bæta**

- **5. Samvinna við talmeinafræðinga OM verkefni**

Hvernig gengur að vinna eftir áætlunum frá Bryndísi talmeinafræðingi? Eruð þið að ná að fara tvisvar sinnum á dag?

9.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs Starfsáætlun Aspar 2018 – 2019

Starfsáætlun Aspar fyrir skólaárið 2018-2019 er að okkar mati faglega unnin og gerir vel grein fyrir því starfi sem innt hefur verið af hendi síðasta skólaár og áætlun næsta árs.

Það eru mörg spennandi verkefni í gangi, tengt ýmsum listum, málþroska og spjaldtölvum, sem við teljum vera mjög spennandi verkefni og skemmtileg viðbót í það góða starf sem unnið er á Ösp.

Innra mat leikskólans er skýrt og heiðarlegt. Þar kemur vel fram hvað fór vel og hvað þarf að bæta. Starfið virðist ganga almennt vel í deildunum þremur, en greinilega þarf að bæta samverustundir og svæðisflæði hjá elstu deildinni. Ekkert Ytra mat var framkvæmt þetta árið.

Greinagerð sérkennslustjóra er sérstaklega vel unnin og gott að sjá hvað vel er haldið utan um þau börn sem þurfa sérkennslu. Eins og kom fram í greinagerðinni þá væri æskilegt ef mögulegt væri að auka starfshlutfall sérkennslustjóra, kannski sérstaklega í ljósi þess hve mörg börn þurfa stuðning þetta skólaárið.

Samstarf Aspar við talmeinafræðing til að auka málþroska og talþjálfun inni á leikskólanum teljum við vera mjög jákvætt og nauðsynlegt skref fyrir leikskólann. Samstarfsverkefnið Okkar Mál við leikskólann Holt og Fellaskóla teljum við vera vel til þess fallið að undirbúa börnin, sérstaklega þau sem hafa annað móðurmál en íslensku, fyrir grunnskólann.

Foreldrasamvinna hefur gengið ágætlega á árinu en það er þörf á því að virkja fleiri foreldra í foreldrasamstarf, bæði til að dreifa álagi og til að leyfa sem flestum foreldrum að hafa áhrif á starfið.

Að mati foreldraráðs þá er almenn ánægja meðal foreldra með leikskólastarfið og í skólanum er góður andi. Það er okkar mat að starfið í Ösp sé til fyrirmyndar.

F. h. leikskólans Aspar

Sólveig Þórarinsdóttir

27.06.2018

Leikskólastjóri

Dagsetning

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla: Leikskólinn Ösp

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F Uppl. um skil á starfsáætlunum fer fyrir skóla- og frístundaráð		1 L Fullveldisdagurinn		1 Þ Nýársdagur		1 F Dagur stærðfræðinnar		1 F		1 M vor þema náttúra -vísindi		1 M Barnamenningarhátíð/Verka		1 L		1 M Skil á starfsáætlun	
2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M þema menning/samfélag		2 L		2 L		2 Þ		2 F Barnamenningarhátíð		2 S Sjómannadagurinn		2 Þ	
3 F		3 M vétrar starf byrjar		3 M		3 L		3 M pipparkökku bakstur		3 F Starfsdagur		3 S		3 S		3 M		3 F Barnamenningarhátíð		3 M sumardaskrá - hefst		3 M	
4 L		4 Þ haust þega ég /fjölskyldan		4 F		4 S		4 Þ pipparkökku bakstur		4 F		4 M		4 M Bolludagur		4 F		4 L Barnamenningarhátíð		4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F Starfsdagur		5 M		5 M pipparkökku bakstur		5 L		5 Þ		5 Þ Sprengidagur		5 F		5 S Barnamenningarhátíð		5 M		5 F	
6 M Frídagur verslunarmanna		6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S Þrettándinn		6 M Dagur leikskólans		6 M Öskudagur - ball		6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ		7 F koma með bækur í skólann		7 S		7 M		7 F foreldrakaffi - jólafondur		7 M		7 F Leikskólaráðstefnan		7 F		7 S		7 Þ		7 F Skólaslit í grunnskólum		7 S	
8 M		8 L Dagur læsis		8 M		8 F Baráttudagur gegn einelti		8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F opnum eftir sumarlokunn		9 S		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S Hvítasunnudagur		9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M jólaferð -Árbæjarsafn		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M Annar í hvítasunnu		10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ jólaferð -Árbæjarsafn		11 F Þorablót		11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F Páskaeggja leit í garði		12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 M		13 L		13 M Samráð leikskólastjóra		13 F		13 L	
14 Þ		14 F göngutúr í dalnum		14 S		14 M		14 F jólamatur - jólaþeysudagur		14 M		14 F		14 F		14 S Pálmásunnudagur		14 Þ		14 F Sumarhátíð		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F Konu kaffi		15 F Starfsdagur		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S Dagur íslenskrar náttúru		16 Þ		16 F Dagur íslenskrar tungu		16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F Leikskólastjórafundur		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M		17 L		17 M Vasaljósadagu		17 F		17 S Konudagur		17 S		17 M		17 F		17 M Lýðveldisdagurinn		17 M	
18 L		18 Þ		18 F Vetrarfrí		18 S		18 Þ		18 F		18 M		18 M		18 F Skírdagur		18 L		18 Þ Samráð leikskólastjóra		18 F	
19 S		19 M		19 F Vetrarfrí		19 M starfsdagur		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ		19 F Föstudagurinn langi		19 S		19 M		19 F	
20 M Samráð leikskólastjóra		20 F		20 L		20 Þ Dagur mannréttinda barna		20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F Leikskólastjórafundur		20 L	
21 Þ Aðlögunn á milli deilda		21 F		21 S		21 M lífsleikni vika - barnasáttmáli		21 F		21 M Samráð leikskólastjóra		21 F Alþjóðardagur móðurmálsins		21 F		21 S Páskadagur		21 Þ		21 F		21 S	
22 M Skóla setning		22 L		22 M Vetrarfrí		22 F lífsleikni vika - barnasáttmáli		22 L		22 Þ		22 F Fjölþjóðlegur - söngsalur		22 F		22 M Annar í páskum		22 M		22 L		22 M	
23 F Leikskólastjórafundur		23 S		23 Þ		23 F lífsleikni vika - barnasáttmáli		23 S Þorláksmessa		23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M Samráð leikskólastjóra		24 M		24 L		24 M Aðfangadagur jóla		24 F Leikskólastjórafundur		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M Húsdýragarðs ferð		24 M	
25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ Jóladagur		25 F Bóndadagur/kalla kaffi		25 M Vetrarfrí/Samráð leikskólans		25 M Samráð leikskólastjóra		25 F Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur		25 L		25 Þ Húsdýragarðs ferð		25 F	
26 S		26 M Evrópski tungumáladagurinn		26 F Bangsadagur		26 M		26 M Annar í jólum		26 L		26 Þ Vetrarfrí		26 Þ		26 F		26 S		26 M Húsdýragarðs ferð		26 F	
27 M Aðlögunn byrjar - ný börn		27 F Leikskólastjórafundur		27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F Evrópskur - söngsalur		28 S		28 M		28 F		28 M		28 F Leikskólastjórafundur		28 F Leikskólastjórafundur		28 S		28 Þ		28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M starfsdagur		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F þema des jól /litir		30 S		30 M				30 L		30 Þ Barnamenningarhátíð		30 F Uppstigningardagur		30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M Gamlársdagur		31 F				31 S				31 F starfsdagur				31 M	